## SKÝRINGAR

### UNDIRSTÖÐUR

GRAFA SKAL FYRIR UNDIRSTÖÐUVEGGJUM NIÐUR Á FASTAN BOTN OG HREINSA ALLAN LAUSAN JARÐVEG UNDAN VEGGJUM ÁÐUR EN MÓT ERU SMÍÐUÐ

FYLLA SKAL Í GRUNN MEÐ MOLDARLAUSRI GRÚS OG ÞJAPPA GRÚSINA Í 30 cm LÖGUM MEÐ TITRARAÞJÖPPU OG VATA HVERT LAG ÁÐUR EN ÞJÖPPUN HEFST

### VEGGIR OG PLÖTUR

KRINGUM ÖLL MÚROP KOMI 2K10 LÁRÉTTAR STENGUR NÁ 60 cm ÚTFYRIR OP EÐA ERU SAMFELLDAR UM FLEIRI OP

ÞAR SEM STENGUR ERU SKEYTTAR SAMAN SKAL VÍXLLEGGJA STENGUR UM 60 cm

BIL MILLI BENDISTANGA ERU GEFIN UPP Í cm Á TEIKNINGU OG ER MÁLT MILLI STANGAMIÐJA MÁLT ER MILLI STANGA MEÐ SAMA FORM

K10 c/c 50 MERKIR 10 mm KAMBSTÁL MEÐ 50 cm MILLIBIL MILLI BEINNA JÁRNA OG 50 cm MILLIBIL MILLI UPPBEYGÐRA JÁRNA

Í ÖLL STEYPUSKIL KOMI TENGIJÁRN K10 c/c 30 LENGD 120 cm

### ÞAK

BERA SKAL FÚAVARNAREFNI Á ALLA SPERRUENDA SVO OG Á ÞÁR SPERRUR SEM BOLTAST Á GAFLVEGGI EINNIG Á ÞÁ SPERRUENDA SEM LIGGJA Í STEYPU FÚAVARNAREFNIÐ SKAL BORIÐ Á SPERRURNAR MEÐAN ÞÆR ERU ÞURRAR

VIÐ ÚTVEGGI FESTAST SPERRUENDAR Í STEYPU MEÐ LYKKJUM ÚR K10 STEYPUSTYRKTARSTÁLI OG GANGI LYKKJURNAR 40 cm NIÐUR FYRIR NEÐRI BRÚN SPERRU

NOTA SKAL FERSTRENDA OG GALVANISERAÐA NAGLA

### MÓTASMÍÐI

STEYPUMÓT OG UNDIRSTÖÐUR SKULU GERÐ SAMKVÆMT KRÖFUM Í ÍSLENSKUM STAÐLI IST 10 BITAMÓT OG UNDIRSLÁTTUR UNDIR PLÖTUR SKAL GERA MEÐ YFIRHÆÐ 0,3 ‰ AF SPENNIVÍDD MÓT SKULU VERA ÞAÐ TRAUST AÐ HREYFING EÐA SVIGNUN UNDAN STEYPUÞUNGA SE EKKI MEIRI EN 0,2‰ AF FJARLÆGÐ MILLI FASTRA PUNKTA

TAKA SKAL TILLIT TIL ÞESS VIÐ MÓTASMÍÐI AÐ ÁLLA STEYPU SKAL TITRA

### NÁKVÆMNISKRÖFUR

NÁKVÆMNISKRÖFUR Í STEYPUVINNU ERU SEM HÉR SEGIR:

| | |
|---|---|
| UNDIRSTÖÐUR, STÆRÐIR OG STAÐSETNING | 20 mm |
| STÆRÐIR STEYPTRA HLUTA | 10 mm |
| YFIRBORÐ STEYPTRA PLATNA | 15 mm |

FRÁVIK FRÁ 3 m RÉTTSKEIÐ, SEM LÖGÐ ER Á STEYPTAN FLÖT MÁ MEST VERA:

| | |
|---|---|
| BITAR, VEGGIR, STOÐIR | 5 mm |
| GÓLF, LOFT | 15 mm |

ÖLL MÓT SKAL HREINSA RÆKILEGA ÁÐUR EN STEYPT ER Í ÞAU

### MERKINGAR

— — — MERKIR JÁRN Í EFRI BRÚN PLÖTU

——— MERKIR JÁRN Í NEÐRI BRÚN PLÖTU

### EFNISGÆÐI

STEYPA OG STEYPUVINNA SKAL VERA Í SAMRÆMI VIÐ ÍSLENSKAN STAÐAL IST 10

BROTÞOLSFLOKKAR STEYPU:

| | |
|---|---|
| Í VEGGI SÉ NOTAÐ | S-200 |
| Í LOFTPLÖTUR SÉ NOTAÐ | S200 |
| STÆRSTU EFNISKORN: | D 24 mm |
| ÞYKKLEIKAFLOKKUR : | ÞF SIGMÁL STEYPU SÉ 6- cm<br>LOFTBLENDI 3,5-4,5% LOFT<br>ÞÉTTIEFNI AF VIÐURKENNDRI TEGUND Í STEYPU, Á NEÐSTA GÓLFI Á FYLLINGU OG Á VEGGI MEÐ EINHLIÐA JARÐÞRÝSTING! |
| FRAMKVÆMDAFLOKKUR: | B: |

ALLA STEYPU SKAL TITRA

### BENDISTÁL:

ø TÁKNAR SLÉTT STÁL ST 37

K TÁKNAR KAMBSTÁL KS 40

### SPERRUR:

SPERRUEFNI SKAL VERA VALINN VIÐUR, BEINN HÚSÞURR, LAUS VIÐ STÓRA KVISTI OG SPRUNGUR, T200 SKV. ÍST 413

### ÁLAG:

HREYFANLEGT ÁLAG Á BYGGINGAHLUTA AUK EIGINÞUNGA

| | |
|---|---|
| ÞAK, SNJÓÞUNGI | 130 KG/m$^2$ |
| LOFTPLATA OG GÓLF | 200 KG/m$^2$ |
| VIÐB. VEGNA LÉTTRA VEGGJA | 150 KG/m$^2$ |
| MESTA ÁLAG Á UNDIRSTÖÐU | 3.2 KG/cm$^2$ |

### ÞEKJULAG Á BENDISTÁL:

| | MINNSTA ÞYKKT Í mm | | |
|---|---|---|---|
| | PLÖTUR, VEGGIR | BITAR | SÚLUR |
| INNANHÚSS | 10 | 15 | 25 |
| UTANHÚSS EÐA Í JÖRÐ EINNIG INNANHÚSS ÞAR SEM UM MIKLAR RAKA OG HITABREYTINGAR ER AÐ RÆÐA, REYK O.S.FRV | 20 | 25 | 30 |
| Í VATNI | 30 | 40 | 50 |

10. okt. 1979 — HAFNARFJARÐ... BYGGINGAFULLTRÚINN [stamp, signature]

| BR. | DAGS. | BREYTING |
|---|---|---|
| | | |

**SMÁRAHVAMMUR 12**
**HAFNARFIRÐI**
ALMENNAR SKÝRINGAR VIÐ BURÐARÞOLSTEIKNINGAR.

TÆKNIÞJÓNUSTAN SF.
ÁRMÚLA 1 – REYKJAVÍK – SÍMI 83844

| | | | |
|---|---|---|---|
| HANNAÐ S.J | | KVARÐI | |
| TEIKNAÐ | | DAGS. 9.10.'75 | |
| YFIRFARIÐ | | NR. | BL. 1 AF. |